SÍSL stjórnarfundur 16. Jaúar 2018
Marbakkabraut, Kópavogi
Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Harpa Jóhannsdóttir og Snorri Heimisson.

Fundur settur kl.20:25

Óskalögin
Vilborg er búin að borga allt:
- Leiga 500þús
- Kynnir 70þús
- Ljósmyndari 70þús
- Matur 10þús
- Ísfyrðingar ferðastyrkur 135þús

Við fengum styrk 600þús frá Ýli þannig að okkar framlag úr okkar sjóð var ca. 180þús.

Nótnaútgáfa
Elvar er búinn að senda útsetningarnar sínar og Þórður Magnússon líka. Þarf að fara yfir þessar útsetningar og spurning hvort við kaupum. Össur og Einar vilja út, spurning hvort Karen eða Martin fari yfir þetta.
Tíminn er orðinn knappur að útsetja nýt lög fyrir landsmót AB sveita í apríl 2018. Harpa þarf að senda út póst og spyrja aðila SÍSL hvort þeiri eigi ekki skúffu-útsetningar til að selja, eða frumsamin lög sem hafa ekki verið mikið notuð áður. ÞVí meira unison því betra.
Össur á eitt lag sem hann getur boðið fram.
Elvar á fleiri lög.
Drengur hjá Einari Jóns á eina útsetningu sem gaman væri að nota.
Gaman að fá Breiðholts lag. Kannski Breiðholtsboogie eftir Langa Sel og Skuggana, kannski Elvar geti útsett.
Getum einnig notað frumsömdu lögin hans Kára sem SÍSL keypti í fyrra.

Landsmót
Þurfum að boða Borgarstjóra á mót!
Vilborg fer yfir tékklistann fyrir mót.
Húsnæðismál eru ekki alveg niðurnegld en margt að smella saman. Stjórnin þarf að fara annan rúnt í húsin. Allavega eru komin 5 æfingasvæði. Gert er ráð fyrir að gist sé í FB.
Hugmynd um að skipta yngri sveitum mótsins gul/appelsínugul í tvo hópa sem æfa sama efnið og sameinast á tónleikum á sunnudegi.
Með því að fjölga hópum þá er minni þörf á sér slagverkshóp.
Snorri talar við matráð FB um tilboð í matinn.
Þurfum sem fyrst að senda út kynningarpóst, bæði fyrir stjórnendur og foreldra. Skráning og borgun fyrir 1. Mars með afslætti og fullt verð fyrir 1. Apríl.
Vilborg leggur til að slagverksnemendur sé skráðir í litasveitir svo hægt sé að sjá betur getuskiptinguna.

Snorri sér um að útbúa LOGO fyrir bolina, út frá LOGO-i SÁB.
Viðurkenningar fyrir nemendur: Blýantar eru að verða búnir. Spurning um nótnatöskur.
Mótsblað er barn síns tíma. En dagsskrársblöðungur er nauðsynlegur.
Prúðmennskubikarinn ----> eitthvað sem má sleppa? Össur kemur með hugmyndir að verðlaunum en ekkert sem bítur á tönn.
Nótnatöskur - derhúfur - blýantar - brúsi eru allt hugmyndir að nemendagjöfum.
Ljósmynd með LOGO eru gjafir fyrir stjórnendur.

Gummi fer í það að fá styrk frá stórfyrirtæki, t.d. Arion banka, fyrir SÍSL bakpoka. LOGO fyrirtækisins yrði þá á pokanum.

Stjórnendur: þurfum að lágmarki 14 stjórnendur og höfum nú þegar talið 23, ef allir koma.
Gæti verið að Stórsveitarmaraþonið sé um sömu helgi, Vilborg athugar það.

Diskótekið Dísa er möst. Spurning um Ævar vísindamann eða e-ð í líkingu við Jón Jónsson og Friðrik Dór. Þurfum að spyrja nemendur hvað er inn.
Svo þarf töframaður/ratleikur/skemmtun um miðjan dag.

Mótsetning:
Hljómsveitir sem vilja spila.
Vilborg stingur upp á einhverju pepp atriði, veit ekki alveg hvað samt. E-ð í líkingu við Buzbee hjónin en samt fyrir yngri nemendur.
Snorri verður bókað með atriði.
Spurning um að fá sér kynni fyrir mótsetningu, Gói eða einhver grínisti.
KAnnski hægt að nýta kennara SÍSL fyrir atriði - Albert, Rósa, Elvar og Sólveig?

Vikulegir símafundir núna á mán kl.12:30

Fundi slitið kl.22:45

Símafundur 22. Janúar 2018

Mætt eru: Harpa Jóhannsdóttir, Össur Geirsson, Snorri Heimisson, Gestur Áskelsson, Vilborg Jónsdóttir

Leiga á húsnæði
Snorri var búinn að senda beiðni á borgina að fá niðurgreiðslu á leigu á húsnæði. Svarið var stutt með þeim orðum að það væri ekki í boði. En mögulega væri hægt að fá frítt í sund, en þá þarf að leggja það undir ÍTR.
Snorri ætlar að tala við einhverja fleiri hjá borginni, m.a. Fríðu yfirmann skólahljómsveitanna eða Móslei (??) sem er einhversskonar menningarstjóri í Breiðholti/borginni.
SÍSL hefur samt alltaf greitt fyrir húsvörð og ræstingu.

Snorri þarf líka bara að svara þessum pósti frá borgarráði og útlista betur hvað við förum fram á. Láta Helga (borgarráð) vita að við höfum fengið þetta frítt á öðrum stöðum, Akranes og Garðabæ m.a.

Snorri hitti Viðar húsvörð FB um daginn og hann var hress. Og verður líklega á staðnum með okkur.
Snorri er líka búinn að óska eftir boði í mat. Rósa yfirmaður elhússins í FB er með það á sínu borði.

Þarf að fara að huga að því að skoða húsnæðin aftur og negla niður hvar verður æft hvar.

Fjöldi
Gróflega áætlað lítur út fyrir meira en 600 krakka mót, þá mögulega alls 700-750 manns. Flestir hafa svarað með fjölda en þarf að spyrja nánar þá sem ekki hafa svarað en myndu líklega koma.
Snorri er ekki alveg viss hvað FB tekur í gistingu, mögulega kannski um 620 miðað við fjölda stofa, en Viðar húsvörður er ágætis reynslubolti þegar kemur að gistingu í þessum skóla og stundum hefur það verið þannig að fólk er að gista í opnum rýmum.
Kannski mögulega þarf að setja fjöldatakmörkun eða hreinlega fá annan skóla, Hólabrekkuskóla.
Snorri ætlar að mæta einn föstudaginn í FB og mæla stofurnar með tilliti til dýna og hversu margar gætu komist fyrir í hverri stofu. Það eru ekki allar stofur í boði, sumar eru tölvustofur og einhverjar efnafræði/-verkstofur. Spurning hvort við fáum fleiri stofur og það þá okkar ábyrgð að taka dót til og skila stofum tilbaka í sínu rétta ástandi.

Matsalurinn tekur um 300 í sæti og þar er líka svið þar sem mögulega væri hægt að vera með einhverja afþreygingu á laugardeginum - töframaður eða eitthvað slíkt.

Útsetningar/lög
Snorri búinn að tala við Elvar um að útsetja Breiðholtsboogie og hann tók því svona la-la.

Össur búinn að tala við Einar um útsetningu síns nemenda og þeir eru að melta það.
Harpa á eftir að senda mail á stjórnendur og spyrja hvort einhver eigi skúffu-útsetningu til að nota á mótinu.

Ljósmyndun
Erum búin að fá tilboð í ljósmyndun og innrömmun. Hver mynd hefur hækkað úr ca.8.500 í ca.10.000. Kannski fullmikil hækkun, fá mögulega betra tilboð.
Snorri búinn að litast aðeins um góðan stað fyrir myndatöku en ekkert sem greip augað.
Mögulega hægt að nota eitthvað miðrými í FB. Þarf þá mögulega að vera búið að redda pöllum, stólum eða örðu slíku fyrir stóra hópa.

Skemmtun
Byrja á því að bóka diskótekið Dísa. Gestur sá um að bóka þá síðast, hann gerir það aftur núna. Hann kom ekki með græjur með sér síðast en getur það. Eigum eftir að sjá hvað er í boði í Austurbergi þar sem skemmtunin fer fram.
Litli Úlfur væri möguleiki eða Oyo sem var að sigra Syrpu-rapp-keppnina. Eigum eftir að spyrja okkar krakka hvað er heitt í dag, eða tala við félagsmiðstöðvar og tékka hvað er inn í dag.

Borgun fyrir Akranes mótið
Heiðrún sendi póst og bað um upphæð og reikningsnúmer fyrir borgun fyrir landsmótið.
Mögulega er hún að tala um pening sem foreldrafélagið fær, 1.500kr. á hvern nemenda.
Össur hefur samband við hana og leysir úr þessu.

NOMU
Spurning hvort við tökum þátt í þessu starfi, meira heldur en að borga bara árgjaldið. NOMU er í upprisu núna og eru búin að boða á fund í haust.
Hvað erum við að fá útúr þessu? Áður var það þannig að við fengum stjórnendur fyrir LÆ og svo var blásaranámskeið, fyrir samt 18 ára og eldri. Skólahljómsveitir eru margar ekki með svona eldri nemendur, en mögulega eitthvað fyrir krakkana að stefna á.
Þurfum að fá úr því skorið hvað planið hjá þeim er núna, bíðum eftir dagsskrá haustfundarins.
Þyrftum kannski líka að spyrja þau hvort við fáum einhvern styrk fyrir komu okkar. SÍSL hefur alveg efni á því að senda einn eða tvo á þessa fundi en kannski ekki oft ef við fáum ekki mikið útúr því. Vilborg mun hafa samband við þau.

Fundi slitið kl.13:32

Stjórnarfundur í síma 29. Janúar 2018

Mætt eru: Snorri Heimisson, Harpa Jóhannsdóttir, Gestur Áskelsson, Össur Geirsson og Guðmundur Vilhjálmsson og Vilborg Jónsdóttir

Landsmót
Það er komið tilboð í matinn og er verð á hvern nemanda 7.670kr. Það er heldur mikið miðað við síðustu mót. Þurfum að vita hvað maturinn kostaði á síðustu mótum. 5.800 kostaði maturinn í Garðabæ 2016 (allt innifalið). Næstum því 10.000kr í mat á Akranesi, en þar eru líka rúmlega helmingi færri nemendur.
En kannski er þetta bara fínt verð, því eftir á að hyggja þá höfum við verið að ca. 6.000kr. fyrir mat og svo öðrum (foreldrafélag/félagasamtök) fyrir millimál. En inní þessum 7.600kr er allur matur. Snorri ætlar samt að athuga hvort það sé möguleiki að lækka verðið aðeins.

Össur gerir athugasemd við hamborgaramáltíðina og leggur til að í stað það verði kjúklingur og franskar. Svo kannski skipta út kjötfarsbollum út fyrir fiskibollur.
Benda líka kokkinum á að börn frá 8-14 borða yfirleitt minna en fullorðinn eintaklingur. Þá væri hægt að lækka verðið á hverja máltíð. Vilborg leggur til að kokkurinn spyrji kokk úr krakkaskóla hversu stórir skammtarnir eru.

Siggi kokkur spyr hvort hann eigi að hafa sjoppuna sína opna, sem selur gos og aðra drykki. Við samþykkjum að hún eigi að vera lokuð, gæti ollið veseni. Gert er ráð fyrir því að nemendur séu ekki með pening á sér.
Kokkurinn spyr einnig hvort jógúrt gæti komið í stað súrmjólkur í morgunmat.. Lagði þá til að það yrðu jógúrtdósir en það er alltof mikið rusl og plast. Við erum sammála að jógúrt sé nú bara allt í lagi en þetta þarf að vera fjölbreytt líka, hafa með brauð, seríos og kornflex og annað. Krúsjal að stöðvarnar séu margar í morgunmatnum og það þarf ekkert endilega að smyrja brauðin fyrirfram.

Hollin í kvöldmatinn/hádegismat.: Kokkurinn leggur til að hollin verði þrjú. Á síðustu mótum hafa krakkarnir komið á korters-fresti. Það væri flott ef það yrði þannig líka í Breiðholti.

Upphæð fyrir leigu á húsnæði: Erum við að borga leigu eða bara húsverði og þrif? Skólastjórar eiga að ráða hvað er borgað fyrir, hver er upphæðin. Sumir skólar sem eru mikið leigðir út eru oft með gjaldskrá. Snorri þarf að athuga það. Væri best að við myndum sleppa við leigu en borga þá húsverði og þrif.

Breyting á fundartíma
Guðmundur leggur til að fundurinn hefjist kl.12:40 næstu mánudaga og við samþykkjum það.

Bolir
Tilboðið hljóðar uppá 750kr. bolurinn með prenti. Vilborg skoðaði taupoka og Brosbolir áttu mikið til. Hugmyndin er að þetta verði sterkir pokar sem krakkarnir geta notað fyrir nótur og hugsanlega flautur/klarinettur.
Það þarf að senda sem fyrst út skráningarskjal svo við fáum stærðir á hreint.

NOMU
Vilborg og Harpa fara á fund í haust til Svíþjóðar. Vilborg kaupir flugmiða.

Fundir slitið kl.13:36

Stjórnarfundur í síma 5. feb.

Mætt eru: Snorri Heimisson, Gestur Áskelsson, Guðmundur Vilhjálmsson,
Össur Geirsson og og Vilborg Jónsdóttir

Harpa Jóhannsdóttir forfallast

Landsmót

Hólabrekkurskóli fæst án endurgjalds, borga 4.500 kr. á tímann fyrir húsvörð.
Fjölbraut, viðkomandi er í fríi en fáum frá henni í vikunni
Fellaskóli, ekki komið svar um kostnað
Gerðuberg - Einn salur - Vantar leiguupphæð, ca. 100.000. Athuga með annan sal og hvort hljóðeinangrun sé viðunandi.
Leiknishúsið - 120.000
Tónskóli Sigursveins - Vilborg skoðar kostnað.
Athuga með **Fella-og Hólakirkju** - allavega föstudag og laugardag? Snorri tékkar á því

Austurberg: Snorri hefur samband við Þráinn hjá ÍR og fær á hreint:
Tímasetningar sem við höfum húsið.
Áhorfendastýring og fjöldi plássa fyrir áhorfendur

Sundlaugin: Guðmundur taki að sér að hafa samband við sundlaugina; Þarf að borga fyrir nemendurna? Hver myndi taka ákvörðun um að fella niður gjaldið.

Þarf að fara aftur í Hólabrekkuskóla og athuga með samliggjandi stofur til að æfa í. Sömuleiðis athuga með gistirými ef Fjölbraut dugar ekki til. Betra að kíkja líka í Gerðuberg og Tónskóla Sigursveins.

Bolir og töskur:
Tvö tilboð í bakpoka 1573+VSK og 2789+VSK.
Til hvers erum við að kaupa poka?
Minningargildi.
Mikið úrval af pokum
Össur og Vilborg fara í Bros og velja poka.

Skemmtiatriði:
Villi og Sveppi
Gói
Ari Eldjárn

Salka Sól - koma með band og skemmtiatriði? Aron Steinn kannski líka? Koma með einhverskonar hljómsveit með sér?
JóiP og Króli - athuga með þá? Gestur tékkar á þeim, 20 mínútur eins og skemmtiatriði, kostnaður og græjur.

Ævar vísindamaður sem skemmtiatriði. Össur talar við hann.
Sirkus íslands gæti verið kostur líka.

NOMU
Vilborg fari ein á fundinn í mars. Sér um að kaupa flugmiða.

Akranes
Reikningur frá foreldrafélaginu fyrir landsmót á Akranesi datt í hús í dag.

Næsti fundur mánudag eftir viku kl. 12:40

Fundi slitið kl.13:20

Fundur 12. Feb, símafundur
Mættir

Mætt eru: Snorri Heimisson, Gestur Áskelsson, Guðmundur Vilhjálmsson,
Össur Geirsson og og Vilborg Jónsdóttir.
Harpa var ekki

Húsnæði
Gerðurberg 122.000
Tónskóli Sigursveins? Vilborg athuga
Leiknishúsið 120.000
Fellaskóli íþróttahús, tala við húsvörð til að fá verð
Hólabrekkuskóli - borga húsverði kr. 4.400 á tímann athuga hvað hann verður mikið
Fjölbraut - vantar tölur
Austurberg - Snorri athugar verð og hvað með starfsmenn?. Þurfum húsið kl. 18 á föstudag
Laugardag frá kl. 17.00, ball um kvöldið kl. 8 - 10
Sunnudag frá kl. 8 - 16
Sundlaugar Snorri búinn að fá upp kontakt aðila sem klárar hvað þarf að borga.

Armbönd
Vantar gul, rauð og blá. Vilborg kannar mismundandi liti og sér um að kaupa inn.
Til nóg af grænum í 2 litum og svört og hvít.

Ljósmyndarinn tekur kr. 202þús. Miðað við 20 myndir. Snorri athuga það betur

Ballið
Gestur athuga ljós og græjur diskótek
Ballið kl. 8 - 10 skemmtiatriði kl. 9, Króli og félagar
Hljóðkerfi Gestur athugar, Snorri er með græjur fyrir kynni, líklega nóg

Skemmtiatriði yfir daginn
Ævar vísindamaður ekki alveg skemmtilegur
Ath. Sirkus Ísland - Össi athugar það
Ratleikur- spurningakeppni
Kahút spurningakeppni.

Athuga íþróttavellina
Kaffi á fararstjórafundi

Sendibílar á milli skóla
Stólar fyrir æfingar 130 stólar fyrir hvern hóp

Ljósmyndari fyrir helgina, virkaði ekki nógu vel að kaupa ljólsmyndara. Gerum sjálf og setja inn á vefinn
Áætlaður kostnaður ca. 14.000,- á mann

Leyfisbréf sem össi sendi - fínt

Skráningaskjal þarf að athuga kennitölur í skjalið

Fundi slitið kl. 13.40

Stjórnarfundur 19. Feb 2018 í síma

Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson og Harpa Jóhannsdóttir.

Samþykkjum Sirkus-atriði kr.200.000. Þau þyrftu að sjá salinn til að mögulega aðlaðað atriði að plássinu eða að við rýmum salinn, færum til borð og stóla.
Vilborg talaði við Júlíönu hjá Tónskóla Sigursveins og við þurfum ekki að borga leigu, en þurfum að borga þrif.

Matur - nýtt og uppfært plan, nú er búið að taka út ávexti og matur kominn í 7.300kr. En Össur reiknar þetta uppá nýtt og hann fær út 7.200kr. Spurning um að foreldrafélag sjái um kaffitímana, hvort við gætum náð kostnaði niður með því. Össur ræðir það við Snorra og fer með honum á fund.

Austurberg - Snorri kallar eftir fundi með Þránni hjá ÍR og óskar eftir öðrum stjórnarmanni með sér. Austuberg er ekki með stóla fyrir hljómsveit og við þurfum að leigja/fá lánaða stóla. Snorri er reyndur þar.

Leiga á húsnæði - það lítur út fyrir að við fáum ekki niðurgreidda leigu á skólahúsnæðunum. Erum orðin sein í því að sækja um styrki hjá borginni fyrir því. Með fullri leigu á öllum húsnæðum gætum við séð fram á tap peningalega séð. Og við getum ekki hækkað mótsgjald.

Atriði á laugarsagskvöldi - Gestur er búinn að bóka Diskótekið Dísa og núna þurfum við að redda ljósum fyrir hann eða hann reddar ljósum og við borgum Svo er búið að athuga með Jóa P og Króla og lítur það vel út.

Spurning um fleiri skemmtiatrði en Sirkus, sund og kvölddagsskrá en við erum á því að ekki er þörf á fleiri skemmtiatriðum. Krakkarnir þurfa alveg sinn tíma til að vera og leika sér.

Gestur mun hafa samband við Landsbankann uppá að fá smá styrk frá þeim gegn því að setja Logo-ið þeirra á tösku/bolina.

Vilborg fer í það með Snorra að skoða styrkjakerfið hjá Rvk.borg. Það er ýmislegt í boði en það þarf að fara rétta leið að því.

Erum við komin með nógu marga sali fyrir hljómsveitirnar sex. Tvö rými í Hólabrekkuskóla, Fellaskóla, Gerðuberg og Tónlistarskólinn. Spurning um Fella- og Hólakirkju.

Smá hausverkur varðandi slagverksnemendur. Einhverjir fara í sveitirnar sjálfar en þá er spurning um rest.

Nótur - eigum eftir að raða lögum niður á sveitir. Nótnanefnd er komin með nýju útsetningarnar en Össur hefur ekkert heyrt í þeim. Hann fer í það að ýta á eftir þeim.
Leggjum til að hver sveit spili tvö lög á tónleikum þó þau æfi 3-4 lög. SÍSL leggur til tvö lög og stjórnendur sveitanna koma með eitt lag.
Össur vill líka hvetja stjórnendur litasveitanna að vera með klappleiki á æfingum, brjóta upp dagsskránna og hvíla varirnar.

Fundi slitið kl.13:32

Stjórnarfundur 26. Feb 2018
Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Harpa Jóhannsdóttir, Snorri Heimisson, Guðmundur Vilhjálmsson og Gestur kom kl.13:05.
Fundur settur 12:40

Landsmót
Leiga fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti; húsvörður og þrif - 300.000kr.
Össuri finnst þetta fullmikið en FB fólk fóru með verðið eins lágt og þau gátu.
Við borguðum ekkert fyrir Fjölbraut á Akranesi nema þrif sem voru um 20.000kr.
Hólabrekkuskóli setur upp verðið 4.400kr. á tímann fyrir húsvörð og þá er fínt að vera ekki mikið þar, þ.e. að gista ekki.
Fellaskóli
Gerðuberg er frágengið - 120.000kr. kostar leigan.
Tónskóli Sigursveins - ekki komið
Austurberg - 250.000kr. og í því er þrif en við þurfum að taka til eftir okkur
Leiknishúsið - 160.000kr. með starfsmanni
Sundið er frítt en eftir að tékka hvort sturtur geta opnað fyrr um morguninn. Snorri tékkað á því.

Ekki orðið staðfest að Jói Pé og Króli séu ON.
Diskótekið Dísa er 170.000kr. ef hann tekur með ljós. Spurning hvort hann geti komið með fleiri ljós.

Snorri reddar hljóðkerfi fyrir mótsetningu.

Kaffihressing á stjórnenda/fararstjórafundum - við sjáum um það, Volborg kaupir eitthvað gotterí.
Mótslok - við munum einnig sjá um að kaupa djús og prinspóló eða sníkja það útúr fyrirtækjum.

Stólar fyrir íþróttahús - Snorri fer í það.

Lög fyrir mótið - Össur óskar eftir að við bíðum aðeins með það framyfir fimmtudag.

Senda póst til að minna á að borga og skráningu. Leiðbeina þeim að fara eftir leiðbeiningum varðandi skráningu í band, setja í viðeigandi getusveit.
Spurning um að taka fyrir að börn sem byrjuðu núna um áramótin, það getur reynst þeim erfitt. En það finnst flest öllum það ekki sniðugt, félagslegi parturinn skipar kannski stærri part.
Hafa með upplýsingar um borgunardag 5. mars. Smá skýrsla um hvað er verið að borga fyrir - gera grein fyrir fjölda nemenda, stjórnendur og fararstjóra. Senda póstur á SÍSL með þessum tölum.

Fæðuofnæmi - einn nemandi með mörg ofnæmi og það þarf að leggja það undir kokkinn hvort hann hafi tök á því. Og oft er hægt að slá saman mörgum ofnæmum í einn rétt sem allir

ofnæmispésarnir geta borðað. Ef ekki þá þarf nemandinn að sjá um það. Þá dettur niður matarkostnaður hans nemanda.
Þetta þarf semsagt að vera í góðu samráði við foreldra og vera vel undirbúin.

Spurning um að fresta greiðsludegi til 5. mars. Samþykkt. Fólk hefur til kl.12:00.
Skráningu lýkur 1. apríl. og þá er heldur ekki hægt að hætta við og fá endurgreitt. Ekki nema að nemandi sé lasinn þá er hægt að endurgreiða að einhverju leyti, ekki allt.

Snorri þarf að athuga hvenær kokkurinn þarf að vera kominn með lokatölur.

Fararstjórar - max 1 fararstjóri á hverja 8-10 krakka.

Töskur - kostnaður væri um 600þús og Hljóðfærahúsið tilbúið að styrkja eitthvað en vill auðvitað fá eitthvað á móti, auglýsing í blað t.d. (sem við erum ekki með).
Búið að tala við Landsbankann, Ölgerðina og Arion banka varðandi styrk. Ekki komið á hreint hverjir styrkja.

Logo-ið er komið og það er best að það sé hvítt, ódýrast þannig. Marglitað kostar meira.
Smá samræður um logo-ið og vangaveltur hvernig það gæti útlagst. Við notum logo SÁB í grunninn en þarf að laga það aðeins að landsmótinu.
Spurning hver vinnur merkið, best ef grafíski hönnuðurinn gerir það. Það er líka í boði að Bros bolir geri einhverja vinnu en það kostar auðvitað aukalega.

Aðalfundur
Búið að panta Hannesarholt.
Harpa sendir út póst með dagsetningu.
Vilborg fer í bókhaldið.
Garðabær á eftir að borga árgjaldið en möguleiki að við séum með vitlausa kennitölu, Gummi þarf að tékka á því.
Spurning með morgunmatinn - fáir sem komu í hann í fyrra en þurfum að vera skýrari að við óskum eftir að fólk komi í hann og létt spjall fyrir fund.

Fundi slitið kl.13:37.

Stjórnarfundur 5. Mars 2018 - símafundur

Mætt eru: Harpa Jóhannsdóttir, Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson og Snorri Heimisson.

Landsmót
Skráningar á mótið er að detta inn í hús hjá okkur. Össur mun taka saman öll skjölin og sjóða þau saman í eitt stórt skjal.
Vilborg segir að 9 hljómsveitir eru búnar að borga. Hinar ættu að detta inn núna seinnipartinn.

Össur fer yfir fjárhagsáætlun. Erfitt hefur verið að ná í skólastjóra skólanna til að fá lokatölur fyrir leigu og þrif, aðallega Fellaskóli og Hólabrekkuskóla.

Matur: Taka út kók og prins á sunnudeginum og SÍSL sér um það.

Lagaval: Nýjar útsetningar. Nótnanefndin hafnaði útsetningum Þórðar Magnússonar, þrjú Megasar-lög. Galdramannadansinn (Össur Geirsson) samþykktu þau og 17.000 Sólargeisla eftir nemanda Einars Jóns, líka Orðin mín eftir Baggalút.
Orðin mín gætu hentað grænu sveit.
Össur búinn að biðja um smá lagfæringu á 17.000 Sólargeislum. Gæti líka hentað græna.
Galdramannadansinn er fyrir rauða sveit.
Maó fríkar út væri bláa sveit.
Hani krummi hundur svín frá Kára fyrir gula sveit.

Vilborg bendir á að SÍSL eigi að velja öll lögin fyrir gula sveit. Kannski mikil áhætta að láta aðra koma með lag þegar kunnátta krakkanna er ekki mikil.

2 lög á hverja hljómsveit fyrir lokatónleikana. Alls ekki meira, þar sem tónleikarnir mega ekki vera of langir.

Hver hljómsveit æfir fjögur lög, við sköffum tvö lög og hver stjórnandi fyrir hverja sveit kemur með eitt lag.
Mögulega verða tvær grænar sveitir, þá fer eitt af þessum tveimur lögum á hvora sveitina og stjórnendur koma svo með sín lög.

Hver og einn stjórnarmaður grefur upp eitt lag af SÍSL listanum og setur á sameiginlegt Google skjal. Sem við svo veljum úr.

Snorri á eftir að komast að stólamálum.

Fundi slitið kl.13:24

Stjórnarfundur í síma 12. Mars 2018
Mætt eru: Gestur Áskelsson, Össur Geirsson, Harpa Jóhannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson og Snorri Heimisson.

Lagaval
Hani krummi hundur svín fyrir gulu sveitina. Spurning um að það sé of bratt fyrir byrjendur en þarf líka að vera smá krefjandi.
Gulur: Fyrsta haustlægðin
Rauður: Galdramanndansinn og Indíánalag
Grænir: 17 þúsund sólargeislar og Orðin mín
Bláir: Maó fríkar út og Lífið er yndislegt

Spurning um Indíánalagið fyrir rauða sveit. Þar eru 2. árs nemar sem ættu að geta spilað þetta.
Fólk spennt fyrir því að fá Lífið er yndislegt í bláa sveit, það þarf samt að laga parta en mögulega ekki tími í það fyrir þetta mót.
Nú eru allar sveitir komnar með tvö lög og svo koma stjórnendur með tvö lög á móti. Hver sveit þá með fjögur lög.

Fjöldi
Allra síðasti skráningardagur er kl.12 á hádegi 3. Apríl.
Ekkert hefur heyrst frá Lárusi í Vesturbænum, hvorki borga né skilað inn skráningarskjali.
Vestmannaeyjar hafa borgað en ekki skilað skráningu.

507 nemendur
88 fullorðnir
595 skráðir á mótið
Ef Vesturbærinn kemur þá megum við gera ráð fyrir um 60 manns í viðbót.

160 nemendur skráðir í rauða
140 í gulu og grænni
64 í bláu
Græn sveit myndi sleppa með þennan fjölda, en sem dæmi þá eru 40 flautur í grænu en bara 10 í bláu. Það væri best að færa einhverja úr grænu í bláa til að jafna út fjöldann og fá betri hljóðfærablance.
Það væri best að skipta gulu og rauðu sveitinni í tvennt. Sem dæmi eru 22 trommarar í gulu og yrðu þá 11 í skiptri sveit.
Við þurfum að gera einhverjar ráðstafanir fyrir trommarana. Ein pæling er að taka þá út og æfa lögin sem gula t.d. er að æfa og svo kannski eitthvað annað líka.
Kannski gæti Sigrún Kristbjörg komið og verið með smá workshop.
Það er kannski ekki möguleiki að skipta þeim í marga hópa þar sem við erum ekki með nógu mikið af fólki.
Spurning um að gera þrjá aðra hópa fyrir slagverk, fjöldinn viðráðanlegur.

Líka spurning um að láta á það reyna að vera með allan þennan fjölda af slagverksnemendum í hverri sveit og þá er bara einhver kennari á þeim allan tíma og minna á að spila eitthvað aðeins minna en FFF og vera í takt. Það er alveg hægt að fá þau til að spila veikt. En líka möguleiki að vera með demparahringi eða viskastykki.
En Össur leggur til að bíða aðeins með ákvörðun eftir að við fáum frekari skráningu frá Vesturbænum og Vestmannaeyjum.

22 tr. í gula (11 í skiptri sveit)
17 tr. í rauða (8-9 í skiptri sveit)
17 tr. í græna
7 tr. í bláa

Greiðsla: Flestir búnir að borga. Kári og Lárus eru ekki búnir að borga og þurfa því að borga 15.000kr.

Kostnaður: Fellaskóli - leigan er engin, smátterí fyrir þrif.
Hólabrekkuskóli - næst ekki í skólastjórann.
FB - fjöldi og stofur, þurfum að fá fleiri stofur. Húsvörður jákvæður gagnvart því. Vil viljum ekki fleiri en 20 í hverri stofu.
Snorri gerir ráð fyrir að sínar sveitir gisti en ef við lendum í kröggum þá þurfa þau að gista heima hjá sér. Það er huggulegra og betra að við séum öll saman í FB, séum ekki dreyfð í aðra skóla.
Tónskóli Sigursveins - frítt og ekki greitt fyrir þrif.

Fríða skólahljómsveitaryfirmaður er búin að senda allskonar pósta á allskonar fólk um styrki.

Sundið: Komast 100börn í einu í laugina? Það væri best. Annars tekur allan daginn að fara í sund. Snorri athugar það.

Landsmót á Akureyri haustið 2018
Við erum að horfa á október, 13. 14. eða 20. 21. Ella Vala er okkar kona og milliliður.
Brekkuskóli - KA hús - væri gaman að vera í Hofi með tónleika.
Atli Örvars - Þorvaldur Bjarni - Rodrico slagverksleikari -----> hugmyndir af fyrirlesurum.

Vilborg fór á ráðstefnu um helgina í Svíþjóð. Margt á döfinni í hjá NOMU. Vilborg komin í stjórn NOMU. Kjörið að við verðum með í sameiginlegum verkefnum.
Vilborg mun örugglega ræða þetta á aðalfundi.

Aðalfundur - mæting kl.8:30 í morgunmat og fundur byrjar kl.13. Harpa sendir út fundarboð og biður um skráningu.

Fundi slitið kl.13:33

Stjórnarfundur í síma 19. Mars
Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Harpa Jóhannsdóttir, Gestur Áskels og Guðmundur Vilhjálmsson.

Landsmót
Fá fleiri rými í gistingu hjá FB. Á eftir að fá úr því skorið hvort við fáum fleiri stofur þar. Það eru mjög margar stofur í FB en mikið af þeim voru ekki í boði útaf ýmsu, tölvustofur/eðlisfræði og annað. Snorri fer í það að ræða við húsvörðinn.
Ef við fáum ekki stofur þarf að fara að fá gistingu í öðrum skólum.

Foreldrafélagið SÁB ætla að redda kók og prins. Snorri mun staðfesta það við foreldrafélagið.

Fellaskóli og Hólabrekkuskóli: Ekki komin með leigu
Sundlaugin: Hvað komast margir
Reykjavíkurborg styrkur: Ekki enn komið

Stjórnendafundur á landsmótir, að fá kennarastofuna. Það ætti ekki að vera mikið mál.

Logo er komið á góða leið í bolaframleiðslu.

Trommusamspil: Gummi hefur áhyggjur að hafa svona marga (11 trommarar) í yngri sveitunum og vill draga þá út og gera eitthvað annað. En „eitthvað annað“ þarf að vera alveg konkret og má ekki bara vera dingl. Spurning um að yngri trommarar séu teknir út til þess eins að æfa sína parta fyrir lögin.

Gummi vill ólmur að við ákveðum öll fjögur lög gulu sveitarinnar því það er svo erfitt fyrir þessu yngstu að fá lög til að lesa á stuttum tíma. Stjórnin vill samt að það sé fjölbreytni og það gerist með því að stjórnendur komi með lög með sér.
Stjórnendur fyrir sveitirnar: Búið að raða ca. hverjir stjórna hverjum og er það á skjali með lagatillögunum.

Dagur B. Eggerts ætlar að loka mótinu og Helgi Gríms ætlar að opna mótið.

Mótsetning: Snorri spilar með sinni sveit. Svo væri gaman að fleiri sveitir myndu spila. Spurning hvort Einar vilji koma með Góa, en það kostar pening. Harpa sendir út póst.

Töskur eða ekki - við ákveðum að panta ekki töskur. Of dýrt.
Spurning um logo Hljóðfærahússins eða Tónastöðarinnar á bolina okkar og ná þannig í styrk frá þeim. Vilborg spjallar við þá kauða.

Bókum fund 20. mars svo við þurfum ekki að hittast í páskafríinu.

Össur bendir Snorra á að virkja foreldrafélagið sitt sem fyrst.

Fundi slitið kl.13:45

Fundargerð 20. Mars 2018

Mættir: Össur, Gestur, Vilborg og Ella Vala. Harpa og Guðmundur boða forföll

Fara yfir tékklista mótanna

Landsmót C sveita á Akureyti 12. - 14. Október
Lundarskóla
2 stórir salir og hægt að skipta hópnum, leigja allan skólann
Tónlistarskólinn ekki með stórar stofur
Smiðjur f. Csveit: nota fólk að norðan, Þorvaldur Bjarni sinfó nord, Atli Örvars kvikmyndir, afríska marimbur, Lúdvík Símonar marimbur, Rodrigo slagverk, Villi trompet, Ívar Helgason stepp, Helgi Svavars markþjálfu, Eiríkur Steph Hundur í óskilum
Hof? Búið að senda póst um þessa dagsetningu, Una Björk Hjartardóttir sér um það
Ármann Einarsson segja frá sér
Brjóta upp hefðbundið form, leikspuni, jóga, hugleiðsla
Tilboð frá kokkinum í skólanum í mati
Ath foreldramat? Tala við foreldrafélagið
Sturtur og snyrting eða sund í skólanum eða í sundlauginni

Hvenær þarf að staðfesta?
Biðja hljómsveitir að staðfesta í maí með áætlun

C sveitarmótið má vera kostnaður fyrir SÍSL þar sem LÆ er ekki til
Maturinn er stærsti kostnaðurinn.

Gera fleirir hópa í C sveitinni og getuskipta meira. Alltaf erfitt að gera það.
Spurning með kammerhópa eða minni samspili,gæti verið hentugt en ekki til SÍSL staðlar fyrir slíkar útsetningar.

Myndatökumaður fyrir ljósmyndir á Akureyri, taka mynd á föstudag og afhenda á sunnudag
Bæjarstjóri á Akureyri til að tala á föstudag eða sunnudag

Mótsblaðið spurning?
Hvað margir geta borðað í mötuneyti

Landsmót í Breiðholti

Breiðholt í sund 40 mín 80 manns í einu afslappað yfir fjölda, fáar sturtu.
Byrja kl. 9.00

Í Garðabæ var starfsfólkið sem útskýrði þegar þau komu í sundið.
Fengu fatakörfur,

Sendibíll fyrir stóla á milli FB og íþróttahús

Fjölbraut, taka myndir af öllum stofum v. frágangs.
Fararstjórar geta þá gengið frá hverri stofu og Foreldrafélg SÁB myndi klára að raða
Mikið af stofum undir verkgreinar.
Mögulega hægt að fá minni rými fyrir minni hópa, helst þó að hafa glugga ef það á að sofa þar.

Skólastjóri Hólabrekkuskóla ekki mjög spennt en þurfum að hafa nóg af stofum.

Merkja stofur fyrir þátttakendur

Hvað með rekstrarvörur?

Lokaskráning 3. Apríl

Endurgreitt frá 3. Apríl - 20.apríl hægt að fá 5.000 kr. Endurgreitt
Gerum ráð fyrir að hljómsveitirnar sjálfar sjá um endurgreiðslu

Útsetningar eru komnar fyrir A/B mótið og allar komnir á vefinn

Prúðmennskubikarinn verður ekki með

Gjafir - ljósmynd

Mötuneyti - 300 í FB hafa nóg af afgreiðslustöðum

Gera gott kort og hægt að sækja á netið

Athuga með slagverk, Árb, Grafarvogur, Kóp, Reykjanesbær, Austurbæjar
2 pákusett fyrir græna og bláa, mallet, klukkuspil,

Snerla og bassatrommmur fyrir alla trommara, allir koma með fyrir sig

Hvað gerum við með trommarana, þarf að taka þá út og gera hluta af æfingu annað með þeim.
Kannski að æfa þeirra parta.Nota bursta, fá styrk frá Tónastöð eða Hljóðfærahúsinu að fá bursta. Plastburstar

Nótnastólar
Hljóðkerfið á staðnum
Pallur eða svið undir diskótekara og skemmtiatriði ath. Þráinn hjá IR eða Viðar hjá FB

Armbönd þurfa vera passlegt og nota í mat og sund. Foreldrar gætu þurft fleiri v. skiptingar um helgina

Kynni v. tónleikanna að allir setjist aftur í hornin þar til tónleikarnir eru búnir

Statíf nota plötustatíf frá SÁB, Grafarvog og frá Kóp

Tala við Steina v. flutninga á öllu dótinu. Þarf nokkra bíla til að flytja allt dót.

Pall f. Stjórnanda - Lárus á pall

Athug m. föstudagskvöld móttsetningu Gói sem kynnir, kannski fá Grafarvog til að spila með honum og SÁB spilar, Helgi Gríms talar, Össur talar,
Eru fleirir hljómsveitir sem vilja spila?

Auglýsa mótið, Hljóðfærhúsið stiður um 100 þús og til í samfélagsmiðla nota videó kannski 3 og auglýsa mótið á fésbók eða öðrum slíkkum miðlum .Vilborg talar við Andrés í Tónastöðinni með styrk frá þeim
Óvissa með hvar logoin fara. Boli eða töskur ?
Athuga með krakkarúv og blöðin

Hólabrekkuskóli 5 tímar fyrir húsvörð yfir helgina en spurning hvort Snorri megi taka kerfið af. Ekki spennt að gista þar, skólastjórinn ekki spenntur að fá okkur í gistingu

Fellaskóli 64 þús fyrir húsvörð 15 tímar. Athuga hvort það sé hægt að fá annan til að opna og loka, þrif. Foreldri frá SÁB

Farið yfir þörf á foreldrum með Snorra.
Kaffihressingar að morgni báða daga, föstudagskvöld miðdegiskaffi.

Fundur 3. Apríl um kvöldið annað hvort símafund eða á Marbakkabraut

Athuga með aðalfundinn senda út áminningu. Og einnig vegna skráningu á mótið.

Símafundur 9. Apríl 2018

Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Harpa Jóhannsdóttir, Gestur Áskelsson, Snorri Heimisson og Guðmundur Vilhjálmsson

Landsmót
Snorri fer yfir foreldrafund sem hann hélt í síðustu viku, hann er svo gott sem búinn að manna vaktir bæði nætur og dagvaktir.
Drykkir eru alveg komnir, fengu góðan díl á svölum sem verða keyptir fyrir alla kaffitíma bæði kvöldkaffi og dagkaffi. Svo eru ávextir og bakkelsi líka komið á gott ról.
Drykkir í morgunmat er kannski það eina sem á eftir að redda. Snorri á eftir að heyra aðeins betur í kokkinum. Líka varðandi lokaverð á matseðli.

576börn - 98 fullorðnir eru lokatölur fyrir mótið. **674**

Tvær hljómsveitir saman í herbergi, er það galið? Já segir Össur, hann segir að það þurfi að herja á Hólabrekkuskóla og fá nokkrar stofur þar. Þetta lítur út fyrir að mjög þröngt með núverandi fjölda. 15 nemendur max í hverja stofu í FB segir Össur. Það þarf líka að vera pláss fyrir töskur og gang á milli.
Vandræðin eru þau að skólastjóri Hólabrekkuskóla er ekki viljugur til þess fá okkur í gistingu og Fellaskóli sem við erum með undir æfingar er dáldið í burtu og labbitúrinn aðeins of langur.
Vilborg og Fríða fara þá núna í það að herja á hana, skólastjórann.
Það yrði fyrirtak ef SK færi yfir í Hólabrekkuskóla, þau eru samtals 105manns og þá losna 4 stofur í FB.

Vilborg fór í Fellaskóla um daginn og stakk uppá því að rauða bandið æfi þar, þar sem þar eru tvö stór rými. Kennari þar er líka í foreldrafélagi hjá Snorra, hún ætlar að opna og loka fyrir okkur og sparar okkur útkall húsvarðar.
Græna bandið í Holabrekkuskóla, þar eru tvö stór miðrými.
Bláa bandið í Gerðubergi.
Gula bandið skipt í tvennt, annars vegar í Tónskóla Sigursveins og svo í Leiknishúsinu.
Slagverk tekið út í grúppur á laugardeginum, ekki alveg á hreinu hvar þau verða en eru að horfa á efri hæðina í Tónskóla Sigursveins.
Við þurfum að redda gítarsveit Tónskóla Sigursveins rými á laugardagsmorgninum í klukkutíma milli kl.11-12, spurning um herbergi í Hólabrekkuskóla.

Húsvörður Fellaskóla er líka með lyklavöld að Leiknishúsinu og þar eru 96 stólar.
Grasvellir fyrir utan Leiknishúsið getum við notað fyrir hádegi á laugardeginum, búið að bóka okkur þar. Búningsherbergi getum við notað líka.
Það verður smá umgangur frá tungumálaskóla í Fellaskóla á laugardeginum en við fáum skólann frítt og við látum það ekki trufla okkur.

Helgi Grímsson hljómaði eins og hann vissi að við værum komin með styrk en kannski ætti einhver eftir að segja okkur það.

Lyklamál í FB - hurðir eru alltaf læstar og bara einn lykill á hurð. En við gætum samt fengið fleiri lykla og vonandi masterlykla sem ganga að fleiri hurðum en einni.
En áður en Snorri lætur Viðar gera fleiri lykla þá þurfum við að fá bókað með Hólabrekkuskóla.

Logo hljómsveita - Snorri ætlar að útbúa merkingar á hurðir stofanna með nafni og logo-i. Guðmundur ætlar að biðja Lindu um að redda því og senda á Snorra.

Ávextir á bakka - Skólamatur sá um þetta síðast og bar þetta fram á bökkum og foreldrafélag SÁB vill gera þetta svipað. Þau redda því.

Fimm konur frá Snorra sem eru ekki á vöktum ætla að vera á öllum æfingum og sjá til þess að allt fari vel fram og vera m.a. með sjúkrakassa ef eitthvað kemur uppá. Þórunn húsvörður vill samt vera ábyrg fyrir Fellaskóla.

Bolapöntun farin af stað - pantaðir voru nokkrir aukabolir þannig að það er rými til þess að breyta aðeins og færa til. Armböndin voru líka komin.

Dagsskrá mótsins - hún er svo gott sem tilbúin og lítur vel út.
Mótsetning - þarf að fara að greiða úr því hvernig hún fer. SÁB mun spila og svo einhver annar. Helgi Grímsson heldur smá ræðu og svo einn fyrir hönd SÍSL.

Þarf að senda á stjórnendur hverjir eru að stjórna hvaða litasveit og í þeim pósti líka að óska eftir atriði frá annarri sveit. Þarf að ítreka það að stjórnendur komi með lag sem hentar getu. Það eru skráðir 6 stjórnendur á hvern lit og alveg nóg að það komi 3 ný lög. Hópur stjórnenda tali saman um hvað skal koma með, upplagt að stofna FB hóp þar sem hægt væri að ræða þessi mál.

Lárus Grímsson - hann er bara búinn að skrá nemendur og fararstjóra en ekki sjálfan sig eða kennara. Það er búið ítreka það við hann að það ÞURFI einhver að koma sem fulltrúi hljómsveitarinnar.

Slagverk - Kári og Valdi sjá um slagverkssveitir og eru þess á milli inní hljómsveitunum.
Þarf að koma með mallet þar sem sumir nemendur spila bara á mallet.

Fundi slitið kl.13:47

Stjórnarfundur í síma mánudaginn 16. Apríl 2018 kl.12:40
Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Harpa Jóhannsdóttir, Snorri Heimisson, Gestur Áskelsson og Guðmundur Vilhjálmsson.

Breyta lögheimili SÍSL - eins og er er heimilisfangið á bílastæði í Vestmannaeyjum og

Landsmót í Breiðholti
Ratleikur - skátaflokkur er viljugur að taka þetta að sér. Við munum gefa það út að það er ekki skylda að taka þátt í ratleiknum. Þarf að skipta hópum í tvennt.

Föstudagskvöldið - með auknum styrk er komið rými til að kaupa atriði. Spurning um Hexagon brasskvintett eða nemenda kvintett frá Villu. Okkur lýst vel á nemendakvintett, Villa kannar það.

Drög að dagsskrá
Össur - kynnir
Tónlistaratriði - SÁB
Helgi Gríms - ávarp
Tónlistaratriði - SÁB
Össur - tilkynningar
Kvintett - nemendakvintett frá Villu

Stofur í Hólabrekkuskóla - komin með 12 stofur þar. Í 6 stofum er mikið af húsgögnum. Stærri stofur tækju 20 manns en minni stofurnar tækju 15 manns. Erum með 29 stofur í FB. 7 hópar af 20 hópum fara í Hólabrekkuskóla.
Hólabrekkuskóli: Kópavogur, Víðisstaðaskóli, Stykkishólmur, Vestmannaeyjar, Hornafjörður, Hafnarfjörður og Eski-Reyðarfjörður.
Það verða móttökur í bæði Hólabrekkuskóla og FB. Fólk fer með dót uppá stofu, í bol, í myndatöku og svo borða.

Rætt aðeins og aðgengi fyrir rútur.

Bolir verða tilbúnir á þriðjudeginum. Foreldrafélag SÁB sér um útdeilingu á bolum, armböndum og dagsskrám. Foreldrafélagið sér um að raða stofum fyrir og eftir mótið.

Dagsskrá - þurfum að fara yfir hana áður en hún fer í prentun. Skilaboð til stjórnenda að æfingatími er ekki heilagur, það má hætta æfingu fyrr en EKKI fara yfir æfingatímann. Svo enn og aftur að ítreka að það má ekki fara í mat fyrren á þínum matartíma.

Prentun á dagsskrá - allir fá útprentað eintak ásamt því að þær verða hengdar upp í stofum og á æfingastöðum. SÍSL stendur straum af kostnaði á því.

Ef nemandi dettur út þá er í lagi að annar komi inn í staðin en þarf þá að sætta sig við bolastærð þess sem datt út, ef ekki þá eru til stærri bolir ekki minni.

Matur - þurfum að fá skriflegan samning frá kokkinum til að koma í veg fyrir misskilning og skyndilegar breytingar. Öll millimál ættu að vera farin af matseðlinum og af höndum kokksins, millimálin er í höndum foreldrafélags SÁB.
Hver máltíð hjá kokkinum er 1.300kr. og morgunmatur 600kr.

Dót sem fólk þarf að taka með sér - bassaleikarar koma með sína magnara. Sjö hópar af slagverki - Snorri sér um slagverk fyrir gulu hópana Tónskóli Sigursveins og Leiknisheimilið, Össur sér um grunninn í Hólabrekkuskóla báða staði, Villa sér um Fellaskóla báða staði, Einar sér um Gerðuberg blár hópur.
Hver nemandi kemur með statíf og nótur.
Stjórnendastatíf - Villa, Snorri, Össur, Harpa og Einar koma með stjórnendastatíf. Svo gæti verið eitt eða tvö í Tónskóla Sigursveins.

Míkrófónn og magnari fyrir stjórnendur rauða 1 hópsins. Össur græjar það.

Slagverkshópar æfa sín litalög og svo eitthvað annað m.a. Löggur og bófar.

Heiðrún fer í gula sveit og Sólveig kemur í staðin í rauðan hóp.

Fundi slitið kl.14:00

Aðalfundur SÍSL 20. apríl 2018 í Hannesarholti, Reykjavík

Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Harpa Jóhannsdóttir, Guðmundur Vilhjálssom, Gestur Áskelsson, Einar Jónsson, Karen Sturlaugsson, Þorvaldur Halldórsson, Margrét Birna Sigurnjörnsdóttir, Jóhann Stefánsson, Helga Arnardóttir, Kristjón Daðason, Daði Einarsson, Snorri Heimisson, Martin Markvoll, Anastasía ?, Sólveig Morávek, Elvar Bragi Kristjónsson og Snorri Heimisson.

Fundur er settur kl.9:00

Össur formaður ávarpar fundinn og leggur til að Harpa Jóhannsdóttir riti fundinn og að Einar Jónsson verði fundarstjóri. Fundurinn samþykkir.
Einar Jónsson fer yfir dagsskrá fundarins.

1. Formaður fer yfir skýrslu síðasta starfsárs.
-Óskalögin.
-Styrkir.
-Hækkun útsetningagreiðslna.
-Félagið stendur vel og þarf að finna leiðir til að verja peningnum.
-SÍL hefur boðið SÍSL að eiga og hafa aðgang að Leikandi Létt ef SÍSL tekur að sér stefgjöldin.
-Vilborg á NOMU.
-Starfið hefur gengið vel en formaður óskar samt eftir ábendingum um eitthvað betra.
Skýrslan er samþykkt með lófaklappi.

2. Vilborg fer yfir ársreikninga
Ársreikningurinn var samþykktur af skoðunarmönnum, Kári munnlega og Jóhann skriflega.
Hljómsveitirnar þurfa að greiða árgjaldið tvisvar því Vilborg sendi greiðsluseðilinn svo seint.
Reikningum hefur verið lokað og aðeins þrír eftir.
Einar spyr hverjar tekjurnar eru af árgjöldunum, það hafa allir greitt fyrir síðasta ár - 30 sveitir.
Reikningarnir samþykktir með lófaklappi.

3. Lagabreytingar
Í lögum er talað um að aðeins einn frá hverri hljómsveit hafi atkvæðarétt í kosningum, þarf að breyta því. Einnig þarf að breyta orðalagi varðandi skoðunarmenn reikninga.

4. Stjórnarkosning
Vilborg, Harpa og Össur gefa kost á sér til áframhaldandi setu en Gummi og Gestur fara út.
Þorvaldur Halldórsson og Elvar Bragi Kristjónsson gefa kost á sér og það er klappað.
Daði Einarsson og Kristjón Daðason gefa sig fram sem varamenn og uppskera lófaklapp.

5. Árgjald
Sama gjald eða ekki. Núverandi gjald er 12.000kr og gjaldkeri leggur til að það haldist óbreytt en hækki mögulega á næsta tímabili. Samþykkt.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga
Einhverjar umræður um hlutverk skoðunarmanna en ef fólk vill breyta því þá þarf það að gerast fyrir næst aðalfund. Jóhann og Kári eru tilnefndir og samþykktir með lófaklappi.

7. Önnur mál
-Kynning á NOMU
Vilborg heldur erindi um NOMU og fer yfir hvernig SÍSL getur grætt á samstarfi með þeim. NOMU stendur fyrir námskeiðum fyrir nemendum sem gaman væri að nýta. Fjarkennsla í hljómsveitarstjórnun fyrir hljómsveitarstjóra SÍSL. Vilborg sótti líka áhugaverða fyrirlestra, m.a. um tinitus og hljóðvist.
Árgjald í NOMU myndi vera 100kr. sænskar eða 1.300kr íslenskar.
Einar leggur til að fá einhvern af Norðurlöndunum til að kenna á C sveitar landsmótinu haustið 2018 og svo fá einhvern líka til að vera með workshop fyrir hljómsveitarstjóra SÍSL.
Vilborg sýnir myndbönd sem norðmenn hafa gert til að aðstoða sína kennara við kennslu.
Fundurinn samþykkir að við munum vinna í því að gera allt sem við getum að halda uppi samstarfi við hin Norðurlöndin.
Össur ræðir aðeins um hljómsveitastjóranámskeið; yrði farsælast að halda námskeið í dymbilvikunni.

-Kynning á nótnanefndinni
Stofnuð árið 2012 til að gera staðla fyrir nótnaútgáfu. Karen fer aðeins yfir hvert hlutverk nótnanefndar og breyttar aðstæður, fleiri eru að útsetja. Hvort við eigum að kaupa allt saman hvað eða horfa á þetta gagnrýnum augum og sigta út. Fólk er almennt sammála um að það á ekki að kaupa allt, gæðin þurfa alltaf að vera ofan á og lögin þurfa að hitta í mark.
En hver er þörfin, hvað vill fólk að sé í boði? Flestir á því að útsetningar þurfa að vera góðar og kjötmiklar, ágætlega krefjandi og af mismunandi stefnum - ekki bara popp. Svo þyrfti líka að útsetja fleiri jólalög.
Helga bendir einnig á að og hvetur hina til þess að vera skapandi og gera „eitthvað annað“.
Frumsamin lög væri líka gaman að fá. Össur bendir á að og hvetur stjórnendur til þess að þegar keypt er músík þá skal einnig kaupa frumsamda lúðrasveitamúsík sem mikið er til af, bæði í USA og Evrópu.
Vilborg kemur með innlegg að þeir sem útsetja/semja þurfa að hafa passion og mikla þekkingu á lúðrasveitum, allir sammála því.
Einar spyr um nótnasafn SÍL og hvort við gætum fengið aðgang að því. Vilborg upplýsir okkur um það að SÍL eigi ekkert nótnasafn.
Gömul SÍSL lög; þarf að tölvusetja og skanna inn - mörg lög eftir Pál Pampichler Pálsson.
Kristjón, Daði og Martin sýna áhgua á því að sinna því hlutverki og stjórn SÍSL er viljug til þess að borga fyrir þá vinnu.

-Tillögur að peningaeyðslu
Hvað eigum við að gera við þessar 10millz?
Össur eru umhugað um blásaralíf á Íslandi og óskar eftir tillögum að hugmyndum til að verja þessum peningum til að efla blásarasveitir. Hann leggur til endurmenntun hljómsveitarstjóra eins og nefnt er hér að ofan. Leggur líka til sumarnámskeið LÆ.
-Það vantar lúðrasveitafyrirmynd fyrir yngri nemendur, þarf að endurvekja Blásarasveit Reykjavíkur? Bjóða erlendri skólahljómsveit að koma á landsmót til okkar?
Karen kemur inná að hljómsveitastjórar þurfa kannski að fara á ráðstefnu erlendis, námskeið og fyrirlestar og fleira. Á þá SÍSL að styrkja það? Eða allavega að standa fyrir skipulagningu.
Össur leggur til að SÍSL verði ekki endurmenntunarsjóður en gæti verið milliliður í skipulagninu og áframsendingu á skilaboðum.
-Verja pening í kynningu á starfseminni okkar. Gera dokjumentasjon um landsmótin og koma því inn í sjónvarp (Stundin okkar), dagblöð og samfélagsmiðla. Koma blásarasveitalífinu út á meðal almennings og útúr leynihellinum. Vilborg hefur ekki trú á sjónvarpi, dagblaði og útvarpi fyrir ungt fólk. Einar vill að það verði keypt manneskja til þess að gera stutt vídjó með human interest um skólahljómsveitir, manneskja sem hefur einnig þekkingu á nútímamiðli og deili því þar. Þorvaldur bendir á að stofna YouTube ráð. Össur segir þá að sá miðill þarf þá að vera ritstýrður.
-Almennt þarf SÍSL bara að kaupa meiri þjónustu, ráða fagfólk til að gera hitt og þetta.

-Heimilisfang SÍSL
Lögheimili SÍSL er á bílastæði í Vestmannaeyjum. Hvernig viljum við haga þeim málum, hvar á lögheimilið að vera? Allt safn SÍSL er í Grafavogi hjá Einari og Vilborg leggur til að lögheimili SÍSL verði þar, í Húsaskóla í Grafarvogi. Fundurinn samþykkir það.

-Daði minnir á skrúðgönguheftið
Daði óskar eftir því að við klárum það mál, þetta var síðast rætt á aðalfundi fyrir tveimur árum síðan. Hellingur til af útlensku efni en vantar alveg íslenskt, Malkolm útsetningarnar eru alltof léttar og sumt er alltof erfitt, vantar B útsetningar. Einar er á því að við þurfum ekki að gefa út hefti en fólk þarf bara að vera duglegt að deila efni sín á milli. Áskorun til nýrrar stjórnar að skoða þetta mál betur!

-Þátttökugjald stjórnenda á landsmóti
Össur leggur til að þátttökugjald hljómsveitarstjóra á landsmót verði lögð niður fyrir næstu landsmót, stjórnendur vinna það mikið á mótunum að það skýtur skökku við að borga með sér.

-Hljóðvist
Össur hvetur alla til að vera þrýstnir á sína sveitastjórnarmenn að úthluta viðunandi húsnæði með góðri hljóðvist. Heyrn barna er í húfi.

Einar lokar fundinum og gefur Össuri orðið.
Fundi slitið kl.12:17

Stjórnarfundur í síma 23. apríl 2018

Mætt eru: Harpa Jóh, Össur Geirs, Vilborg Jóns, Gummi, Gestur og Snorri Heimis.
Fundur settur kl.12:40

Landsmót

Matur - kokkurinn er með allt á hreinu, safi verður á boðstólnum.
To do listi - Össur búinn að gera lista og við förum yfir hann.

Allt að falla í ljúfan löð varðandi gististaði. SÁB sér um það.
Æfingastaðir í góðum gír. Snorri og co. sér mikið til um að raða öllu upp.
Slagverkshópar bera trommur á milli æfingastaða.
Stólar á æfingastöðum. Snorri að hafa áhyggjur af því en nóg til að stólum segja þau.
Mótsetning, nemendakvintettinn tilbúinn að koma og spila tvö lög og þriðja til
Viðbótar. Fá 75þús fyrir. Allt annað klárt fyrir mótsetningu.
Slagverk á mótsetningu - Vilborg með sendibílamann í snatti og pákur frá Snorra
Verða í Austurbergi.
Myndatakan - Snorri ætlar að finna góðan myndastað með ljósmyndaranum.
Fararstjórar sjá um að raða upp skólastofum á sunnudegi.
Fararstjóraplagg tilbúið.

Fundi slitið kl.14:00

Stjórnarfundur SÍSL,

Þriðjudagur 12. júní

kl. 14:00 í Digranesi.

Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Elvar Bragi Kristjónsson.
Harpa Jóhannsdóttir er í útlöndum og Þorvaldur Halldórsson forfallaðist vegna veikinda.

Landsmót

Eftir er að ljúka uppgjöri vegna landsmóts í Breiðholti. Búið er að greiða alla reikninga sem borist hafa, utan reiknings frá Hólabrekkuskóla. Þarf að fara yfir fjárhagsáætlun og gera upp allt sem út af stendur.

Þarf að senda reikning á Landsvirkjun upp á 300.000 kr. vegna styrks sem fékkst hjá þeim vegna Landsmótsins. Hugmynd er uppi um að prenta mynd frá landsmótinu með þakkarkveðju og senda samhliða reikningnum.

Búið er að senda reikning upp á 100.000 kr. til Hljóðfærahússins vegna styrks frá þeim.

Landsmót á Akureyri næsta haust

Ella Vala búin að fá skóla fyrir gistingu og Hof fyrir tónleika á sunnudeginum. Nú þarf að bretta upp ermar og skipuleggja smiðjur. Hverja viðjum við fá?
Búið er að tala við Þorvald Bjarna um kynningu á Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og þeim verkefnum sem þau standa fyrir. Hann er jákvæður og til í slaginn.
Búið að tala við Atla Örvarsson um að kynna kvikmyndatónlist, en ekki búið að fá svar.
Búið að tala við Hund í Óskilum um að vera með okkur. Þeir eru lausir en ekki búið að festa neitt við þá ennþá.
Rætt um mögulegar smiðjur fyrir krakkana.
Spurning með húsnæði, þetta kallar á mikla aðstöðu fyrir smiðjur.
Best væri að fá annan skóla fyrir smiðjurnar.
Skemmtilegt ef hægt er að vera með frekar fámennar smiðjur. Það kostar að krakkarnir verða að velja sér smiðju með góðum fyrirvara svo tími gefist til að raða þeim niður.

Mögulegar smiðjur:

Spilasmiðjur:

- Lúðrasveit sem smiðja - 30 manns
- Afrótónlist - allt að 25 manns
- Brasilísk götutónlist - allt að 25 manns
- New Orleans/2nd line - allt að 25 manns.
- Brasshópur, allt að 30 manns - klassískt efni í stíl Phillip Jones
- Big Band - 20 manns, þarf að fá rétta besetningu
- Klesmer/balkan tónlist - allt að 25 manns
- Brasskvintett
- Einnig mættu vera hljóðfærahópar, t.d.
  - Flautur
  - Klarinett
  - Saxófónar
  - Slagverk - fyrir alla sem vilja, ekki bara trommara

Aðrar smiðjur:

- Steppdans
- Ukulele
- Afrískir dansar - Cheick Bangoura
- Salsa dans??
- Zumba dansar - einhver fyrir norðan sem getur kennt svoleiðis?
- Kór? - æfa þriggja-fjögurra radda sönglög
- Viðhald hljóðfæra - t.d. Ingi Garðar
- Öndunartækni fyrir blásara - Nimrod?
- Æfingatækni

Hverja gætum við fengið til að stjórna smiðjum?
Haukur Gröndal - Balkan/Big Band/Spuni - Elvar Bragi talar við hann
(Sigurður Flosason)
Sammi - New Orleans/Balkan/BigBand - Össur talar við hann
Rodrigo - slagverk/Brasilian - fá Ellu Völu til að tala við hann
Sigrún Kristbjörg - brasilian/slagverk - Vilborg talar við hana
Villi trompet - brass - Elvar Bragi talar við hann
Petrea eða Una til að vera með flauturnar - Ella Vala
Cheick Bangoura - Afríska dansar/afrótónlist/perc - Elvar Bragi talar við hann

Svo þarf náttúrulega að nýta þá stjórnendur sem koma með hljómsveitunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45.
Fundargerð ritaði Össur Geirsson

SÍSL Stjórnarfundur 23. ágúst 2018
Fundur settur kl.13:00
Mætt eru: Vilborg Jónsdóttir, Össur Geirsson, Elvar Bragi Kristjónsson, Þorvaldur Halldórsson og Harpa Jóhannsdóttir.

Landsmót
Hefjum umræður um komandi landsmót C sveita á Akureyri helgina 12. -14. október.
Elvar les upp skilaboð frá Hauki Gröndal (þau eru að finna á sameiginlegu spjall-pósti SÍSL stjórnar). Haukur er laus þessa helgi og til í að kenna/vera með masterclass/workshop í allskonar heimstónlist. Hann tekur 50þús kr. á dag.
Hugmyndin er að listamennirnir að sunnan komi með flugi á laugardagsmorgni, vinni fyrir okkur á laugardeginum og fyrripart sunnudags og svo flug aftur suður á sunnudegi. SÍSL fólk og Akureyrarfólk sjái þá um æfingar á föstudagskvöldi.

Hugmyndir að listamönnum/námskeiðum
Haukur Gröndal - Klezmer og balkan tónlist
Shech Bangoura - Djembé trommukennsla (20 nem) og afró dans (30 nem)
Rodrigo Lopez - Slagverksallskonar
Sigrún Kr. Jónsdóttir - Batucada
Petrea Ak - flautur
Ingunn Margrét AK - Zumba dans
Ívar Helgason AK - Stepdans
Sigrún Magna AK - Kór
Ösp Eldjárn AK - Ukulele
Þorvaldur Bjarni AK - SinfóNord
Atli Örvars AK - Kvikmyndatónlist
Eiríkur Stephensen AK - Hundur í óskilum
_____ - Salsadans
Villi trompet AK - Trompetsamspil eða þrif/viðhald
Ingi Garðar (ef hann kemur með sem fararstjóri) - Viðhald hljóðfæra
_____ - Blástursöndun
Sammi - New Orleans/Dixie/BigBand
Einar Valur Scheving - Slagverk eða með Samma

Salir í Hofi
Stóri salurinn í Hofi er bókaður á sunnudeginum. Ella Vala hefur bókað aðra sali yfir helgina fyrir námskeið; Dynheimar, Lundur og Naust. Við þurfum að vita nánar hvaða salir þetta eru, hvað þeir eru stórir og hvað er hægt að gera hvað í hverjum.

SÍSL stjórnendur sem mæta
Kristjón Daðason
Snorri Heimis
Jói Stefáns

Jói Morávek
Gestur Áskels
Harpa Jóhanns
Þorvaldur Halldórs
Vilborg Jóns
Dillý
Martin Markvoll

Deadline
12. september - Síðasti dagurinn til að borga mótsgjald og senda nafnalista yfir nemendur, kennara og fararstjóra
Mótsgjaldið er 15.000kr.
Eftir 12. sept verður mótsgjaldið 17.500kr. og ALLRA SÍÐASTI séns að skrá nemendur á mótið eða breyta skráningu verður 19. september!
Þeir stjórnendur sem forskráðu sínar hljómsveitir/nemendur síðasta vor eiga forgang í skráningu núna.
Landsmótið er ætlað nemendum í 8. bekk og eldri, búin með grunnpróf eða nálægt því að taka grunnpróf.

Annað fyrirkomulag
Hvernig getuskiptum við hópunum? Það þarf að skrá vel í skráningarskjalið hvar nemendur eru staddir í sínu námi; 1. ár í miðnámi, 2. ár í miðnámi o.sv.fr.
Hafa mögulega lúðrasveit í boði fyrir landsbyggðarnemendur.
Hvað á að gera við slagverksnemendur?
-Spurning um að semja við Rodrico að hann taki þá nemendur spes út fyrir. Þorvaldur ætlar að athuga með Emil Þorra á AK hvort hann hafi einhverjar hugmyndir. Biðja þá Rodrico að koma með það slagverk sem hann vil nota og Emil hefur aðgang að slagverkinu í TónóAK.

Nótur
Vilborg leggur til að SÍSL kaupi allskonar nótur fyrir allskonar hljóðfærakóra. Við samþykkjum.
Allir í stjórn fara nú á alnetið og athuga með flottar útsetningar.

Flug og hótel
Vilborg fær það hlutverk að hafa samband við AirIcelandConnect til að athuga með góðan díl á flugi fyrir þá listamenn sem koma að sunnan, mögulega á hóteli líka á vegum flugfélagsins.
Þetta eru ca. 5 manns.
Harpa hefur samband við Ellu Völu varðandi gott og ódýrt hótel með morgunmat.

Launaverðskrá fyrir AK fyrirlesara/námskeiðshaldara
1 skipti - 30þús
2 skipti - 50þús
3 skipti - 65þús
X meira - 10þús á klst

Sunnanlistamenn - 100þús og fullnýting.
Ekki mæta þunn á sunnudegi!!!!!

Ball - Hljómsveit? Þorvaldur tékkar á Emil með það

Fundi slitið kl.14:55

SÍSL Stjórnarfundur 30. ágúst 2018

Fundur settur kl.10:30
Mætt eru: Vilborg Jónsdóttir, Össur Geirsson, Elvar Bragi Kristjónsson, Þorvaldur Halldórsson og Ella Vala Ármannsdóttir. Harpa Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Fyrsti Skype-fundur SÍSL stjórnar. Tók talsverðan tíma að tengja alla á fundinn en það eru bara byrjunarörðugleikar.

Landsmót Akureyri

Búið að staðfesta að Samúel Jón, Bangoura, Haukur Gröndal og Sigrún Kristbjörg koma á landsmótið.

Vilborg ætlar að panta flug og gistingu fyrir þau. Flug norður á laugardagsmorgni kl. 8:30, þannig að hægt er að byrja æfingar kl. 10.
Flug til baka er seinnipartinn á sunnudegi, líklega kl. 17:30

Auk þeirra sem koma að sunnan er búið að ræða við:
Rodrigo Lopez
Petrea Ak - flautur
Ingunn Margrét AK - Zumba dans
Ívar Helgason AK - Stepdans
Sigrún Magna AK - Kór

Ösp Eldjárn AK - Ukulele er ekki viss um að geta verið með
Emil (slagverk) og Sóley (trompet) geta kannski verið með ef það skarast ekki við æfingar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Ella Vala ætlar að athuga með að Stórsveit Akureyrar spili á föstudagskvöldi sem hluta af mótssetningu

Drög að dagskrá:

Föstudagskvöld

Kvöldmatur
Æfingar í msimunandi hópum (sem ekki þarf fólkið að sunnan)
T.d.
Lúðrasveit
Brass samspil
Klarinetthópur

Saxófónhópur
Slagverkshópur (Emil)

Ella Vala athugar með hvort við getum fengið Brekkuskóla á föstudagskvöldi fyrir samæfingarnar.

Laugardagur
10-12 Allskonar samspilshópar
12-13 Hádegishlé
13 Steppdans kór línudans og þesshättar
14 Kynning á hofi og á tónlist atla örvarssonar
15:00 Kaffi
16:30 Æfing (ekki sami hópur og að morgni)
17:30 Æfing (sami hópur og að morgni?)
19:00 Kvöldmatur
20:30 Ball - Ella Vala athugar með hljómsveit til að spila á balli
22:30 Ball búið
Hundur í óskilum í tengslum við ballið

Þrif á Lundarskóla, ekkert starfsfólk í það. Þarf að fá foreldrafélagið í það og borga fyrir.

Sunnudagur
10 - 11:30 Allskonar samspilshópar
11:30 Hádegismatur og tónleikaundirbúningur
13:00 Tónleikar í Hofi til 14:30
15:00 Heimför

Vilborg og Össur taka að sér að gera drög að dagskrá fyrir mótið og hafa hana tilbúna fyrir næsta fund.
Þorvaldur og Harpa taka að sér að gera einhverskonar auglýsingu fyrir mótið sem hægt er að senda út til stjórnenda. Hafa tilbúið fyrir næsta fund
Biðja þarf kennara að senda mynd af sér til sislstjorn@gmail.com til að setja í kynningu á landsmóti.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 4. september kl. 9:00 - 9:45

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:20
Fundargerð ritaði Össur Geirsson

SÍSL Stjórnarfundur í síma þri 4. sept kl.9:00
Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Elvar Bragi Kristjónsson, Þorvaldur Halldórsson og Harpa Jóhannsdóttir.

Landsmót
Vilborg og Össur setja saman dagsskrá. Það hefur reynst erfitt. Laugardeginum skipt í 4 slot í 1 1/2 tíma í senn. Krakkarnir velja sér námskeið og fara á 4 námskeið.

Kannski pláss fyrir 10 atriði á tónleika, þá er ekki pláss fyrir alla hópa sem æfa. Hvernig veljum við þá sem spila?

Vandræði að koma fyrir óbónemendum eða öðrum á skrýtnum hljóðfærum, spurning um NEW ORLEANS og stærri grúppur fyrir þau.

Auglýsa fyrir krökkunum að þau velja sjálf námskeiðin fyrirfram. Nafnalistar koma 12. sept. Svo þarf að velja námskeið fyrir 20. sept og þá LOKAST fyrir skráningu.

Dagný Marínós kemur, hún getur aðstoðað við flautuhópa
Jói Mor kemur, klarinettur
Vilborg Jóns og Jói Stef, brass
Emil, Valdi og Rodrígó, slagverk fyrir slagverksleikara
Haffí kannski, lúðrasveit 60-80manns
Sigrún K. og Rodrígó, br.slagverk fyrir alla
Sammi, BigBand og New Orleand fyrir um 20manns
Haukur, klezmer/balkan
Tjekk Bangoura, Djembé 20manns
Afró 30manns

*Koma bassaleikurum fyrir í BigBand og klezmer

Eiríkur Stephenssen - Hundur í óskilum 100þús fyrir skemmtiatriði í upphafi skemmturnar á laugardagskvöldi.

Við leigjum Brekkuskóla og Lundaskóla. Einn fyrir gistingu og annan fyrir námskeiðin/æfingar.

Plakat:
Tónleikar í Hofi kl.13 á sunnudegi
Nánari upplýsingar á heimasíðu SÍSL ------> fá texta frá artistunum
Mynd af Samma á plakatið!
Plakat--->Upplýsingablað--->heimasíða

Fundur ákveðinn þrið 11. sept kl.9:00
Fundur slitinn kl.9:30

SÍSL stjórnarfundur í síma
11. sept 2018
kl.8:45
Mætt eru: Harpa Jóhannsdóttir, Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Elvar Bragi Kristjónsson og Þorvaldur Halldórsson

Landsmót
Dagskrá að verða til. Össur búinn að sitja sveittur yfir plagginu og var púsluspilið slungið. Hann ætlar að bæta við fyrirlestri um æfingatækni, spurning um að Sóley Björk og Emil Þorri að norðan sjái um það. Eru nýútskrifuð og fersk og pottþétt með eitthvað djúsí.

Ukulele námskeið; Elvar Bragi tekur það að sér þar sem Ösp Eldjárn datt út. Össur kemur með 10 ukulele úr Kópavoginum, Elvar athugar með Jóa Mor hvort hann geti tekið annað eins frá Hornafirði. Ef ekki þá er leikur einn að SÍSL kaupi nokkur á góðum díl frá Andrési, mögulega vill hann styrkja okkur um þessi Ukulele. Kemur í ljós.

Hljóðfærakórar; Össur talar um að bæta við fleiri hljóðfærakórum, eða að hljóðfærakórarnir fyrir hvert hljóðfæri eru oftar yfir daginn svo það er alltaf pláss fyrir alla. T.d. í fyrsta sloti dagsins er bigband en enginn saxófón kór. Einhversstaðar verða afgangssaxarnir að vera.

Hundur í ósklilum; það þarf að ákveða hvort við viljum fljúga Hjörleifi norður þar sem hann verður fyrir sunnan þessa helgi. Össur athugar með Ellu Völu hvort það séu aðrir skemmtikraftar á svæðinu, þess vegna uppistandari, áður en við ákveðum. Ef ekkert annað er í boði erum við tilbúin að kaupa flug fyrir hann norður.

12. september er síðasti dagurinn til að skila inn bæði skráningu og peningum, 15.000kr á haus, en við höfum föstudaginn 14. sept sem séns-dag. Látum ekki vita af því en munum gefa séns ef fólk óskar eftir því.

Ball hljómsveit; Ella Vala er að athuga málið. Ball eftir Hund í óskilum myndi vera 1klst eða 1 og ½ klst í mesta lagi.

Senda á hljómsveitarstjóra þegar nær dregur að við munum óska eftir því að þeir taki þátt á þau hljóðfæri sem vantar í samspil. Verður mögulega rafbassahallæri já eða baritónsaxhallæri í bigbandi eða klezmer/balkan.

GoogleFormSkjal; Össur mun senda það út mánudagsmorgun 17. sept og hafa krakkar fram til mið 19. sept kl.20 til að skrá sig á námskeið/samspil. Þarf að útbúa annað skjal með frekari upplýsingum um hvert samspil/námskeið fyrir sig.
Ef krakkarnir hafa ekki skráð sig í gegnum Form-ið fyrir lokun munum við úthluta þeim pláss og setja þau í námskeið/fyrirlestra þar sem hentar.

Póstur1: Minna á að borga-skráningarskjal-15.000kr.-reikn.uppl.
Póstur2: Uppl. um GoogleFormSkjalið með því sem stendur hér að ofan.

Sunnudagur í dagsskrá; kannski einhverjir nemendur er bæði í bigband og klezmer/balkan og þá þarf að skoða hvert sá nemandi fer. Þurfum að fara vel yfir það á laugardagseftirmiðdegi. Slagverkssamspil; ef fleiri en 10 nemendur eru skráðir verður þeim skipt í hópa, ómögulegt að þeir séu fleiri.

Fundi slitið kl.9:30 og setjum annan fund að viku liðinni þri 18. sept kl.8:45.

SÍSL stjórnarfundur í síma þri 18. sept kl.8:45
Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Elvar Bragi Kristjónsson, Þorvaldur Halldórsson og Harpa Jóhannsdóttir

Landsmót
Atli Örvarsson er dottinn út, Þorvaldur Bjarni inni en á eftir að heyra frekar með tímasetningu.

Harpa setur inn texta á heimasíðu sisl.is - Smá kynning á mótinu

Plan B fyrir sunnudagsmorgun:
Smiðjurnar í tveimur fyrrum hollum laugardagsins spili á tónleikum. Smiðjurnar eru samt aðeins of margar fyrir eina tónleika, gæti þá verið að einhverjir spili ekki á tónleikum en æfa þó á sunnudagsmorgni.

Mótsgjöld fyrir stjórnendur:
Rætt á aðalfundi í vor að fella niður mótsgjöld hljómsveitarstjóra. Við samþykkjum það að einn hljómsveitarstjóri/kennari úr hverri sveit greiði ekki mótsgjald. Þá þarf að endurgreiða 200þús til hljómsveitanna, ekki mikill peningur í stóra samhenginu. Gerum ráð fyrir 2 milljónum í tap á þessu móti á Akureyri en gróðinn á A/B mótinu í Breiðholti var 1,3millz þannig að tapið nú verður bara um 700þús.
Harpa sendir út póst og biður um reikningsupplýsingar til að endurgreiða.

Össur mun klára skráningaskjalið og sendir út í hádeginu 18. sept. Nú þegar komin sólarhringsseinkun og nú verður skjalið opið fram að miðnætti fim 20. sept. Upplýsingaskjalið er nokkuð tilbúið.

Vilborg hitti Hjört styrkjasérfræðing hjá Rvk.borg. Komin upp hugmynd að við sækjum um Erasmus styrk fyrir næsta C sveitar mót. Hugmyndafræði mótsins fellur vel að Erasmus lógíginni.

Mögulegt NOMU brassband námskeið í Noregi næsta sumar. Kannski styrkjum við nemendur til að fara.

Komin skráning frá öllum hljómsveitunum.

Næsti fundur verður þri 25. sept kl.8:45

Fundi slitið kl.9:30

SÍSL stjórnarfundur í síma 25. Sept 2018 kl.8:45
Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Elvar Bragi Kristjónsson, Þorvaldur Halldórsson og Harpa Jóhannsdóttir

Landsmót
Össur búinn að fara yfir umsóknir nemenda og lítur allt frekar vel út nema að í sumum hópum eru of margir. Spurning um að búa til fleiri hópa þannig að krakkar fá sitt aðalval, t.d. second line, big band og fleiri hljómsveitir. Það er USA karl á Akureyri sem er til í stjórna öðru big bandinu. Krakkarnir sem eru lengst komnir ganga fyrir, miðpróf og eldri ganga fyrir.

25% nemenda eru ekki með grunnpróf. Alltof hátt hlutfall. Þurfum að ræða það á næsta aðalfundi hvort það eigi að vera blátt bann við grunnprófslausum nemendum.

Alltof margir í Ukulele, spurning um að finna annan kennara. Kannski Morávek. Þurfum líka að verða okkur útum fleiri Ukulele, kannski Andrés geti reddað okkur og svo þarf líka að athuga hvort krakkarnir sjálfir geti reddað sjálf.

Föstudagshóparnir líta vel út. En vandinn eykst á laugardeginum, þarf að púsla og skipta hópum.
40 skráðir í klezmer og þeim hóp er ekki hægt að skipta, þá fara krakkarnir í varaval.

109 í stúdíótúr með Þorvaldi Bjarna, Össur þarf að ræða við hann um að bæta tíma eða fá aðra manneskju með.

Djembé; 30-34 skráðir en hámark í raun 15. Spurning að skipta upp hópnum í tvo 45mín hópa og annar hópurinn tjillar meðan hinn er inni.

Enn eftir að setja þá sem ekki svöruðu í hópa en það eru ekki nema um 20 krakkar.

Ballhljómsveit; hafa ekkert verið að svara. Ella Vala komin með hendurnar í DJ sem er góður í hópefli og stemningu. Á eftir að fá staðfestingu.

Össur í því að raða kennurum á hópa og krossar putta að allir eru til.

Vilborg verður í sambandi við sunnan listamennina.

Harpa rekur á eftir netfangalistum og endurgreiðslu reikningum.

Mögulega að Elvar Bragi fari á föstudagsmorgni með flugi til að undirbúa.

Við ákveðum fund þriðjudaginn 2. okt kl.8:45
Fundi slitið kl.9:30

SÍSL símafundur 2. Okt 2018 kl.17:30
Mætt er: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Elvar Bragi Kristjónsson og Harpa Jóhannsdóttir

Landsmót
Ukulele; Andrés getur svarað á morgun 3. okt hvort hann geti gefið díl. Elvar lætur vita um leið, svo kíkir hann líka í skrýtnu hljóð

Þorvaldur Bjarni skiptir 90mín í tvennt og hóparnir koma til skiptis.

25 djembé trommur koma frá Sjeik, Viborg og Össur eiga sitthvora. Kannski að redda fleiri trommum. Eða athuga að fylla uppí með kongatrommum.
Senda á alla hljómsveitastjóra hvort þeir eigi djembétrommur til að lána!!!

Klezmer vandamál! 24 komnir í hópinn hjá Hauki, það gæti verið of mikið og samt er búið að kötta út. Spuring um að kötta meira. Elvar talar við Hauk og athugar hvort hann geti verið með svona marga, aðallega eru þetta flautur og klarinettur. Þá myndu flauturnar vera fyrstar út. Þá fara þau í Slagverk og flautur.

Samspilstækni hjá Emil og Sólveigu; komnir 37 á föstudagskvöldi. Það verður bara að vera þannig, þau geta skipt hópnum í tvennt.

Össur ætlar að senda út á morgun 3. okt á alla nemendur í hvaða námskeið þau lentu.
Fyrir næsta C landsmót; hafa fleiri

Við förum yfir þau námskeið sem þurfa slagverk. Össur kemur með slagverk fyrir blásarasveitina og Vilborg tekur trommurnar hennar Sigrúnar. Einhver annar tekur trommur fyrir big bandið, t.d. RNB. New Orleands/Second Line; hver slagverksleikari kemur með sína trommu.
Klezmer/balkan samýtist slagverkið.

Hlutverk fyrir Valda; Hafa samband við Emil og Sóleyju - höndlið þið 37 krakka á föstudagskvöldi, er hægt að skipta hópnum í tvennt? Spurning svo um Slagverk fyrir slagverksleikara - er hægt að kenna það námskeið í slagverkstofunni í Hofi og hvaða slagverk þarf að koma með?

Elvar talar við Sigrúnu um hópinn Brasilískt slagverk; hvort 43 sé of mikið? Okkur vantar fleiri trommur, hvaða trommur vill hún?

Raða niður í stofur; Ella Vala eru farin að vinna í því. Össur væri til í að allar smiðjurnar væru í sama skólanum, að við séum ekki að fara mikið inní Hof. Við verðum bara að treysta því að þau fyrir norðan raði þessu vel fyrir okkur.

Sunnudagsplan; fyrri hollin tvö á laugardeginum æfa aftur á sunnudegi og úr því veljum við hvað verður á tónleikum. Fundur á laugardagskvöldi þarf að klára hvaða smiðjur verða líklegastar á tónleika. Djembe á kannski ekki eins mikið erindi á tónleika eins og Big band.
Presentera að það spila ekki allir á tónleikum. Og setja það í hendurnar á hljómsveitarstjórum að ákveða saman hverjir spilar, sum námskeiðin byggja kannski bara á pælingum en ekki tónleikaefni. Svo spurning um blásarasveitina; hún ætti kannski mesta erindið á tónleikum en hún æfir þá ekki á sunnudeginum - geta æft einhvern stuttan bút á laugardegi og spilað á tónleikunum. Sunnudagsæfingarnar byrja kl.9:30-10:15 svo 10:30-11:15.

Ballhljómsveit; engin hljómsveit komin á hreint. Ella Vala komin með DJ sem er til í þetta, það er kannski bara fínt fyrir krakkana sem vilja bara hanga og tjilla.

Armböndin; eigum við að nota þau? Jú algjörlega!
Eigum fullt af armböndum, þarf bara að kíkja í kassana. Þurfum 260 armbönd. Elvar Bragi kennir hjá Einari.

Heimasíðan!! Harpa fer í það!!

Fundi slitið kl.18:32

8:30 fimmtudagsmorgun 4. okt næsti fundur!

SÍSL símafundur 4. Okt 2018
Mætt eru: Össur, Vilborg, Þorvaldur, Elvar Bragi, Harpa og Ella Vala

Landsmót
Ákvörðun tekin að leyfa alls ekki breytingar á smiðjum, ekkert rými til þess að vera breyta núna.

Ella Vala komin með okkur á fund en hún þarf að raða niður öllum smiðjunum í stofur í Brekkuskóla. Össur óskar eftir því að allar smiðjur verði þar og það er mjög góður möguleiki. Gætu verið aukastofur í Lundaskóla (þar sem við gistum) fyrir t.d. Hljóðfæraviðhaldsfyrirlestur. Salurinn í Brekkuskóla er mjög stór og getur rúmað dansana og blásarasveitina.
Djembe námskeiðið getur verið í tveimur samliggjandi stofum, ekki eins mikill glymjandi.

Harpa senda póst á alla hljómsveitarstjóra; láta alla hljómsveitarstjóra vita að e-mail hafi verið sent á nemendur

Össur raðar öllum kennurum og stjórnendum á smiðjur, alltaf tveir kennarar í hverri smiðju. Alltaf einhver fulltrúi SÍSL á hverjum stað til að redda ef þarf.
Svo alltaf einhver úr stjórn á lausu yfir alla dagana, t.d. Harpa og Vilborg lausar á föstudagskvöldi.

Sigrún Kristbjörg; 42 alltof margir krakkar í br. Slagverki, max 27. Kannski að skipta hópnum upp í tvennt eða að helmingur séu blásarar. Láta vita hana vita sem fyrst hvort við tökum blásaraleiðin svo hún geti komið út nótum.
Ákveðið að skipta hópnum í tvennt!!

Djembe; Við gátum ekki reddað fleiri djembe trommum en Sjeik segir að það sé ekkert mál að spila á kongatrommmum. Við reddum því þannig.

Þarfagreining á því slagverki sem þarf í hvern hóp. Valdi fer í það.

Stefna á það að senda öllum hljómsveitarstjórum stóra skjalið með öllum nemendunum og í hvaða smiðjum þau eru.
Össur sendir líka á stjórnendur smiðjanna hvaða nemendur þau eru að fá.
Valdi tekur saman hvaða slagverk þarf í hverja smiðju og þær leiðbeiningar fara líka í mailið með stóra skjalinu.
Matseðill.
Tveir markvissir póstar - matseðill og dagsskrá….skjalið og trommuleiðbeiningar

DJ inn kostar 30þús. Ella Vala segir að hljóðkerfið í Lundarskóla sé gott og höndli þetta.

Vilborg kaupir flug fyrir Elvar norður en kemur með rútu suður á sunnudeginum.

Andrés Tónastóð; hann á fullt af Ukulele-um á lager. Vilborg fer og kaupir 15 Ukulele. Við tökum ódýrari týpuna og fáum tilboð.
Hefur náð í Gröndalinn.
Elvar tékkar svo á armböndum hjá Einari í Grafarvoginum.

Emil og Sóley samspilstækni; skipta hópnum í tvennt. Bryja fyrra hollið korter í átta

Fundi slitið kl.9:12

Stjórnarfundur SÍSL í síma 25. okt 2018
Mætt eru: Össur, Vilborg, Elvar, Þorvaldur, Harpa, Elvar og Ella Vala.

Laun fyrir „ekki“ hljómsveitarstjóra
Þarf að komast að því hverjir fá greitt frá sínum skóla.
Eðlilegt að greiða fólki fyrir sína vinnu en kannski óþarfi að við borgum ef fólk er að fá frá sínum skóla.
Ella Vala þarf líka að fá greitt fyrir sitt framlag, spurning um að hún verði titlaður framkvæmdastjóri og fái greitt samkvæmt því. Stjórnin ræðir það án hennar.
Emil fær greitt 75þús
Sóley þarf að athuga hvort hún fái greitt frá sínum skóla

Ýmis önnur peningamál rædd
Foreldrar fá 150þús fyrir þrif
Foreldrafélagið fær líka 1.500kr á hvern þátttakenda. En þá er spurning að það sé 1.500kr á hvern borgandi þátttakenda því núna borga hljómsveitastjórar ekki.

Næsti fundur kl.19 þriðjudaginn 30. okt á Marbakkabraut.

Stjórnarfundur SÍSL þri 30. okt 2018 kl.19
Mætt eru: Össur, Vilborg, Harpa, Þorvaldur og Elvar.

Förum yfir C sveitar landsmótið á Akureyri
Maturinn olli vonbrigðum, alltof lítið af mat
Upplýsingar bárust ekki nógu vel frá Akureyrarfólki til SÍSL í gegnum EV. Erum alltí einu að borga hærri leigu en lagt var upp með í byrjun, t.d.

Förum yfir niðurstöður kannanana

Skipulag þarf að verða tilbúið mikiðmikið fyrr!
Fjölga smiðjum til að fækka nem. í hverjum hóp
Óska eftir hugmyndum frá hljómsveitarstjórum hvað þau geta boðið upp.
Þurfum að leita leiða til að getuskipta hópunum betur
Taka betur á því að virða aldurstakmörk, til að ná mótinu á hærra level. 7. bekkur er alltof ungt!
Til að koma í veg fyrir fýlu hjá þeim sem spila ekki á tónleikum þá þarf að ákveða hvaða smiðjur spila á tónleikum og hverjar ekki; tónleikasmiðjur og svo skemmtismiðjur.
Tónleikasmiðjur æfa 90mín og skemmtismiðjur 60mín, tónleikasmiðjur mögulega að æfa líka oftar.
Sumir hljóðfærakórar af yngri nemendum þurfa ekki nema um 50mín.
Masterclass er líka hugmynd.
Við verðum að skoða það alvarlega að lækka taxtann fyrir það fólk sem er ráðið til að vera með smiðjur.
Á að borga mótshöldurum fyrir sína vinnu sem framkvæmdastjóri.

Við vorum sammála um að Ella Vala verði titluð framkvæmdastjóri100k og Sóley verði titluð aðstoðarframkvæmdastjóri 50k. Össur talar við þær.
Annars er uppgjörið ekki alveg búið, tapið er 1.7millz.

Hugmyndir af marseringamöppu
Marseringarmappa fyrir B sveit
Hugmynd að við tökum saman lagalista og sendum á hljómsveitarstjóra og spyrjum álits.
Þegar við erum komin með lagalista þá þarf að óska eftir útsetjurum.
Við erum ekki endilega að setja þetta saman til að gefa út á bók heldur rafrænt en þá þarf að setja þetta upp svo stjórar geti prentað beint út og sett á lýru. Lögin mega ekki vera of löng þannig að nótur séu ekki of litlar.

NOMU
Vilborg óskar eftir félaga til að koma með sér á aðalfund NOMU í mars. NOMU er í naflaskoðun þennan veturinn og ekki víst hvort þetta er eitthvað fyrir okkur.

Fundi slitið kl.22:25